

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

FÖSTUDAGINN 10. FEBRÚAR. 2017. VAR HALDINN 15. FUNDUR SKIPULAGS
OG BYGGINGARNEFNDAR SÚÐAVÍKURHREPPS KL 16.00
KJÖRTÍMABILIÐ 2014-2018

Mættir eru Guðmundur Birgir Ragnarsson Helgi Bjarnason formaður. Vegna forfalla með skömmum fyrirvara náðist ekki að manna þriðja manninn.

Árni Traustason, skipulagsfulltrúi og Pétur G. Markan sveitarstjóri.

Gestur fundarins: Gunnar Páll Eydal skipulagsráðgjafi frá Verkís.

Formaður athugar með fundarboð. Engin athugasemd gerð við fundarboð.

Formaður býður nefndarmönnum að taka til fyrsta dagskrárliðar.

Dagskrá:

1. Skipulagslýsing vegna endurskoðunar aðalskipulags.
2. Tröð IV, lóðamál.
3. Jarðir í Djúpi
4. Neysluvatnsmál í Reykjanesi
5. Önnur mál.

-
1. Lögð fram Skipulags- og matslýsing vegna heildarendurskoðunar aðalskipulagsins. Skipulagsráðgjafi fór yfir lýsinguna með nefndinni. Skipulags- og byggingarnefnd gerði eftirfarandi samþykkt: Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að skipulags- og matslýsingin verði auglýst í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Samþykkt samhljóða.

Gunnar Páll yfirgefur fundinn.

2. Lagður fram uppdráttur af landi Traðar IV. Umræður voru um uppdráttinn. Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að uppdrátturinn verði samþykktur. Samþykkt samhljóða.
3. Umræða um málið. Lagt fram til kynningar. Skipulagsfulltrúi heldur áfram að vinna að málinu.
4. Lögð fram bréf frá Jóni Heiðari Guðjónssyni og Margrétu Karlsdóttur. Rætt um málefnið sem hefur nokkrum sinnum verið til umræðu í nefndinni og greint frá fundi með forsvarsmönnum Ísafjarðarbæjar vegna bréfs Jóns Heiðars Guðjónssonar.

Á þeim fundi var rætt um að reyna að þoka málinu áfram með því að reyna til þrautar að fá að skoða vatnsbólíð í Borgarlág með það fyrir augum að ná fram einhverjum lagfæringum á því.

Einnig var rætt um á fundinum sá möguleiki á taka neysluvatn úr öðru vatnsbólí. Súðavíkurreppur og Ísafjarðarbær ákváðu að vinna úttekt á málinu.

Skipulags og byggingarnefnd leggur til að sveitarstjóra verði falið að kanna kostnað við uppsetningu og kaup á neysluvatnsgeymi.

Samþykkt samhljóða.

5. Byggingarfulltrúi upplýsir að hann hafi leyft að sett verði eldvarnarhurð í vegg milli rýma 0104 og 0105 að Langeyravegi 2.

Byggingarfulltrúi upplýsir að hann hafi gert uppfærslur á skýrslu frá Viðlagatryggingu um mannvirki sem ekki eru brunatryggð og eru í eigu Súðavíkurhrepps.

Skipulags og byggingarnefnd felur skipulags og byggingarfulltrúa að útbúa svæði, í samræmi við óskir OV, undir varaafsstöðina, sem nú er á skilgreindu snjóflóðasvæði.

Ekkert fleira gert. Fundi slitið 17: 58

Sign

Guðmundur Birgir Ragnarsson

Helgi Bjarnason
Formaður

Pétur G. Markan
Sveitarstjóri

Árni Traustason
Skipulagsfulltrúi

6. Engin viðbrögð hafa borist við bréfi byggingarfulltrúa. Byggingarfulltrúi leggur fram tillögu að dagsektum að upphæð 2.000 kr. á hvern almanaksdag sem það dregst að framkvæmdaaðilinn geri grein fyrir þessum framkvæmdum á fullnægjandi hátt með framlagningu uppdráttar og greinargerða. Skipulags- og byggingarnefnd beinir því til sveitarstjórnar að tillaga byggingarfulltrúa verði samþykkt.
7. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir að beina því til sveitarstjórnar að rætt verði við bréfitara um erindið. Lóðin er í „gömlu Súðavík“ og þar hefur skipulagi verið frestað. Lóðin er óbyggð og ekki fyrirsjáanlegt að hún verði byggð í nágrenni framtíð. Bent er á að sveitarfélagið hefur nýlega gert samning við eigendur Grundar við Aðalgötu um land í fóstri.
8. Skipulags- og byggingarnefnd staðfestir að viðkomandi mannvirki uppfyllir kröfur laga um byggingarmál gerir ekki athugasemdir við veitingu rekstaraleyfisins.
9. Önnur mál.
 - a. Byggingarfulltrúi upplýsir um gang ljósleiðarlagningar um Djúpið.
 - b. Lagður fram tölvupóstur um drög að reglugerð um reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.